

Umræðuskjal fyrir vinnu í málstofu um atvinnu-, umhverfis- og menntamál

Norræn stéttarfélög , loftslagsbreytingar og atvinnumál, sameiginleg markmið í loftslagsmálum

Samtök norrænna stéttarféлага, NFS, leggur hér með fram sameiginleg markmið í loftslagsmálum í aðdraganda samráðsfundarins í Kaupmannahöfn í desember 2009 sem og til framtíðar. Fundurinn gæti markað tímamót. Mikið er í húfi. Það er staðreynd að við stöndum andspænis mikilvægri ákvörðun sem krefst skjótrar stefnubreytingar.

NFS hefur unnið skýrslu –*Norræn stéttarfélög í aðdraganda loftslagsfundarins í Kaupmannahöfn 2009 og til framtíðar. Hnattræn stefna í loftslagsmálum fyrir fleiri störf og minkandi losun skaðlegra lofttegunda, júní 2009* – innihaldandi viðtæka yfirferð um stefnuna í loftslagsmálum og **hvaða áhrif hún muni hafa í för með sér** innan Norðurlandanna. Stjórn NFS vísar í þessa skýrslu sem stefnu norrænna stéttarféлага í loftslagsmálunum í nánustu framtíð. Niðurstöður okkar, kröfur og tillögur má draga saman í eftirfarandi tíu atriði:

1. Aðalkröfur stéttarfélaganna er viðtækt hnattrænt loftslagssamkomulag um losun gróðurhúsalofttegunda með þátttöku allra landa og staðfestum skuldbindingum allra stærðstu aðilanna. Fyrsta skrefið verður að taka í Kaupmannahöfn 2009. Auðugu löndin bera sérstaka ábyrgð á fjármögnun slíks samkomulags svo tryggingu fyrir því að umhverfistæknin nái einnig til þróunarlanda.
2. Við viljum vera sýnileg í Kaupmannahöfn og hvetja til að aðalmarkmiðin náist.
3. Vi stöndum andspænis krefjandi breytinga til að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda í samfélaginu. Stéttarfélögin á Norðurlöndum eru sannfærð um að við séum í stakk búin til að framkvæma þessar breytingar á viðeigandi hátt.
4. Viðtæk breyting á orkunotkun og – framleiðslu er nauðsýnleg. Losunina verður að skera niður verulega, samhliða verður orkugeirinn á Norðurlöndum að bjóða orku á samkeppnishæfum grunni. Sameiginlega norsk-sænska rafmagnsvottunin er boðin velkomin.
5. Við verðum að þróa áfram og styrkja norrænann samstarfsvettvang – með sterkum stéttarfélögum og samvinnu um úrlausnir milli ríkisvalds og aðila vinnumarkaðar.
6. Meginkrafan er öryggi meðan á breytingum stendur – við styðjum kröfu alþjóðalegu samtöka stéttarféлага um „just transition”, réttlátar breytingar.
7. Niðurstaðan verður að sameina kröfur um atvinnu fyrir alla og minni losun.

8. Áhrifin verða að vera viðtæk og árangursrík, taka til flestra sviða og tegunda losunar.
9. Hindra verður kolefnisleka, því hann mun hindra hnattræna breytingu. Þetta gerir sérstakar kröfur til áhrifanna snemma á ferlinu. Orkufrekur iðnaður á norðurlöndum með litla losun á framleidda einingu, verður að fá samkeppnishæfa rammaskilmála þannig að þeir neyðist ekki til að flytja starfssemina.
10. Nýta verður mikla möguleika til nýrra og umhverfisvænni starfa. Öflug styrking **FOU, stendur fyrir rannsóknir og þróun til lausnar vandamála**, og þróun atvinnulífsins á breiðum grunni er nauðsýnleg til að þetta gangi upp.